

- c. Þar, sem eldfim efni eru geymd, skulu ávallt vera tiltæk tæki til að slökkva með eld. 178
- d. Greiður aðgangur skal vera um þilfar, þar sem eldfim efni eru geymd, að íbúðum skipverja. 31. des.

VII. KAFLI

Um útbúnað á síldveiðiskipum.

14. gr.

Skip, sem stunda síldveiðar með herpinót, skulu hafa eftirgreindan útbúnað: Farmrúmið skal hólfað með skiljum milli traustra stoða, vel festum ofan og neðan. Á milli stoðanna skal vera sem næst einn metri á lengdina og ekki yfir 2 m á breiddina. Skiljuborð skulu vera úr 3—5 cm þykkum borðum, eftir stærð skipsins og bilsins milli stoðanna, borðin skulu falla vel í djúpar raufir í stoðunum. Skiljur farmrúmsins framan og aftan skulu vera fulltraustar.

Lestarop. Á öllum nýjum skipum skulu lestararmar smíðaðir samkvæmt 32. gr. reglugerðar um smíði tréskipa. Sé lestarhörmum á öðrum skipum breytt, skal það gert samkvæmt ákvæðum áðurnefndrar greinar.

Gæta skal þess, að lestarhlerar séu hæfilega þykkir (sem næst þilfarsþykktinni) og falli vel, og ávallt skal rigbyrgja lestarop, áður en farmur er látinn á þilfarið.

Ruðningsop. Op, með hlerum fyrir á hjörum, skulu vera tvö á hvorri hlið og þannig frá þeim gengið, að fljótlega verði hægt að opna þau, svo að farmur á þilfari geti runnið út. Opin skulu vera á þeim stöðum, að sem fljótast sé að létta skipið. Enn fremur skulu vera venjuleg austurop framan við fremstu og aftan við öftustu síldarstíu. Loks skal vera frárás frá þeim rúmum á þilfari, sem síld er látin í.

Bjarglínur og handrið. Á öllum skipum, sem eru með farm á þilfari, sem aftrar greiðri umferð um skipið, svo og á öllum mótorbátum, þegar þeir eru á ferð, hvort heldur þeir hafa farm á þilfari eða ekki, skulu vera bjarglínur, strengdar meðfram hliðum skipsins fyrir ofan öldustokk. Bjarglínur þessar skulu ná frá reiða á fram-siglu og eins langt aftur og þilfarsfarmurinn er, en á mótorbátum hæfilega langt aftur fyrir reiða á aftursiglu, þar sem siglur eru tvær, ella aftur að skúta.

Handrið skulu vera á stýrishúsi og vélarrúmi, þar sem því verður við komið.

Tveir bátar eða fleiri um nótt. Þar, sem fleiri bátar en einn eru saman um nótt, skulu þeir hver um sig hafa með sér bát, þegar þeir fara til lands með afla.

VIII. KAFLI

Um fólksflutninga á skipum, sem ekki eru farþegaskip.

15. gr.

Opnum bátum er óheimilt að flytja fleiri en 3 farþega auk formanns og vélamanns, nema hafi áður fengið leyfi til þess hjá skipaskoðunarmanni, sýslumanni eða hreppstjóra, enda fullnægi þá báturinn ákvæðum reglugerðar frá 17. september 1937, um skoðun á opnum bátum, enda þótt hann sé styttri en 6 metrar á lengd.

Sé slíkt leyfi veitt, skal liggja fyrir vottorð um skoðun á bátnum, og tekið skal tillit til stærðar hans, styrkleika og annarra atriða, er máli skipta. Leyfið skal aðeins gilda í eitt ár.

16. gr.

Þilfarsskipum í innanfjarðarsiglingum er leyft að flytja nokkra farþega, en til þess skal fengið leyfi skipaskoðunarmanns, sem ákveður farþegatöluna, sem miðuð skal við stærð skipsins, útbúnað og farsvið.

178 Farþegatölunni skal haldið innan þeirra takmarka, sem sett eru með 22. gr. til-
31. des. skipunar nr. 43 20. nóvember 1922, um stað og flatarmál á þilfari fyrir farþegana.
Bjargbelti skulu vera fyrir alla á skipinu, og skulu þau höfð á þeim stað, er fljótlega verður til þeirra gripið.

Skip, sem fara út fyrir takmörk innanfjarðarsiglinga, skulu fullnægja ákvæðum þeim, sem sett eru um skip í strandferðum, með þeim takmörkunum, sem þau heimila.

17. gr.

Þegar svo stendur á, að ekki er unnt að koma fólki á mannfundi, nema á skipi, skal leyft að flytja fleiri farþega en um getur í 16. og 17. gr. hér að framan, en fengið skal þá samþykki skipaskoðunarstjóra til þess eða þess manns, er hann tilnefnir.

Skipaskoðunarstjóri setur öll nánari skilyrði fyrir slíkum farþegaflutningi, eftir stærð skipsins, útbúnaði og leið þeirri, sem fara á um.

18. gr.

Brot gegn ákvæðum þessarar reglugerðar varða sektum frá 50—5000 kr.
Með mál út af brotum skal farið sem almenn lögreglumál.

Reglur þessar öðlast þegar gildi. Jafnframt falla úr gildi reglur nr. 3 3. janúar 1946, um útbúnað skipa, sem eru í förum á áður yfirlýstum ófriðar- og hættusvæðum o. fl.

Samgöngumálaráðuneytið, 31. desember 1946.

Emil Jónsson.

Vigfús Einarsson.

179

31. des.

G J A L D S K R Á

Löggildingarstofunnar fyrir löggildingu og eftirlit með mælitækjum og vogaráhöldum.

1. gr.

Löggildingargjöld.

1. Vogarlóð:

Þyngd	1 g til 5 g	kr.	0.60
—	10 g til 20 g	—	0.90
—	50 g	—	1.05
—	100 g til 200 g	—	1.20
—	½ kg	—	1.50
—	1 kg til 2 kg	—	2.10
—	5 kg	—	2.55
—	10 kg	—	3.60
—	20 kg	—	4.50

2. Metaskálar jafnarma:

Vogarþol	3 kg eða minna	kr.	15.00
—	5 kg — —	—	18.00
—	10 kg — —	—	21.00
—	20 kg — —	—	24.00

Vogarþol 30 kg eða minna	kr. 27.00	179
— yfir 30 kg	— 30.00	31. des.

3. Borðvogir jafnarma:

Vogarþol 3 kg eða minna	kr. 18.00
— 5 kg — —	— 21.00
— 10 kg — —	— 24.00
— 20 kg — —	— 30.00
— 30 kg — —	— 36.00
— yfir 30 kg	— 45.00

4. Tugavogir og hundraðsvogir (desímal og sentdesímal):

Vogarþol 100 kg eða minna	kr. 16.00
— 200 kg — —	— 20.00
— 300 kg — —	— 22.00
— 500 kg — —	— 26.00
— 600 kg — —	— 28.00
— 1000 kg — —	— 30.00
— 2000 kg — —	— 40.00
— yfir 2000 kg	— 60.00

Fyrir löggildingu á reizl vogum með mundangi (vogartungu) greiðist sama gjald og fyrir desímalvogir með sama vogarþoli og auk þess 10 aurar fyrir hvert mark eða skerðingu.

5. Reizlur án mundangs:

Vogarþol 3 kg eða minna	kr. 6.00
— 10 kg — —	— 9.00
— 20 kg — —	— 12.00
— 50 kg — —	— 15.00
— 100 kg — —	— 18.00
— 300 kg — —	— 21.00

og auk þess 60 aurar fyrir hverjar 20 skerðingar.

6. Kvarðar:

Fyrir hvern mælikvarða, sem löggiltur er, kr. 2.00, og auk þess fyrir hverja 10 óskipta cm 25 aura, en ef sentímetranum er skipt í mm, fyrir hvern cm 15 aura.

7. Mæliker:

Stærð 1 dl og 2 dl	kr. 1.50
— ½ lítri	— 2.50
— 1 lítri og 2 lítrar	— 3.75
— 5 lítrar	— 6.00
— 10 lítrar	— 10.00
— 20 lítrar	— 16.00
— 50 lítrar	— 20.00

Enn fremur aukagjöld fyrir hvern benzínæli, þegar hann er löggiltur í fyrsta sinn, kr. 35.00.

8. Síldarmæliker (löndunartæki) með 4 hólfum hvert fyrir 150 lítra .. kr. 240.00
 Síldarmæliker (löndunartæki) með 4 hólfum hvert fyrir 300 lítra .. — 480.00